

Stofnanasamningur
Hekluskóga og Félags íslenskra náttúrufræðinga
skv. ákvæðum 11. kafla kjarasamnings félagsins og fjármálaráðherra
fh. ríkissjóðs, dags. 18. mars 2005.

1. Gildissvið

Stofnanasamningur þessi nær til þeirra félagsmanna í Félagi íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) sem ráðnir eru til starfa hjá *Hekluskógum*. Samningurinn er hluti kjarasamnings félagsins og fjármálaráðherra fh. ríkissjóðs dags. 26. júlí 2001, sbr. 11. kafla og samkomulagi um breytingar á honum frá 18. mars 2005.

2. Skilgreining starfsheita og röðun í launaflokka

Skilgreining á starfsheitum og röðun í launaflokka er m.a. viðvarandi verksvið, ábyrgð og menntun. Ákvörðun, sem tekin er um hvaða þættir hafi áhrif á laun og með hvaða hætti, er vísiregla gagnvart öðrum starfsmönnum svo að tryggt verði að þeir njóti jafnræðis.

2.1 Skilgreiningar starfsheita

Störf eru flokkuð í launaflokka í samræmi við viðvarandi verksvið eða starfslýsingu.


<i>A1</i>	<i>Aðstoðamaður</i> . Nemi með aukaaðild að Fín, sem lokið hefur að minnsta kosti 30 einingum til háskólagráðu.	1
	Fyrir hverjar 30 einingar bætist við 1 launaflokkur.	
<i>N-I</i>	<i>Náttúrufræðingur</i> án starfsreynslu. Hann starfar undir daglegri stjórn og leiðsögn yfirmanna sinna. Hann nýtir kunnáttu sína og menntun við úrlausn þeirra verkefna sem honum eru falin.	4
	Eftir 3 mánuði í starfi flyst starfsmaðurinn í starfsheitið <i>S-I</i> .	
<i>S-I</i>	<i>Sérfræðingur</i> sem vinnur sjálfstætt að verkþáttum, sem krefjast faglegrar hæfni og sérþekkingar.	5
<i>S-II</i>	<i>Sérfræðingur</i> sem hefur umsjón með verkefnum, sem krefjast faglegrar hæfni og sérþekkingar.	8
<i>S-III</i>	<i>Sérfræðingur</i> sem hefur umsjón með stærri verkefnum eða mörgum smærri verkefnum og ber faglega ábyrgð á þeim. Hann sinnir faglegri ráðgjöf, þróun og áætlanagerð í samráði við deildarstjóra eða forstöðumann.	11
<i>S</i>	<i>Sviðsstjóri</i> er yfirmaður sviðs skv. skipuriti. Hann stjórnar því, hefur mannaforráð og er ábyrgur fyrir starfsemi þess gagnvart forstöðumanni stofunnar. Hann mótar stefnu sviðsins, skipuleggur og hefur umsjón með umfangsmiklum þverfaglegum verkefnum.	17
<i>F</i>	<i>Forstöðumaður</i> . Hann sér um daglegan rekstur skrifstofunnar skv. skipulagsskrá.	22

2.2 Þættir sem bætast við grunnröðun:

Raða skal í launaflokk m.t.t.:

a) einstaklingsbundinna þátta b) starfsbundnir þátta.

Þar gildir eftirfarandi:



2.2.1 Einstaklingsbundnir þættir:

Menntun

Hækkun milli flokka vegna menntunar:

Vegna BS prófs 120 ein. 1 launaflokkur

Vegna MS prófs 2 launaflokkar

Vegna doktorsprófs 4 launaflokkar

Viðbótarmenntun; 30 eininga skipulegt nám á háskólastigi sem nýtist í starfi: 1 lfl.

Önnur menntun er metin í réttu hlutfalli við það sem hér er nefnt að ofan.

Endurmenntun:

Endur- og símenntun sem nýtist í starfi skal metin með eftirfarandi hætti:

Námskeið vega minnst ½ einingu og mest 5 einingar. Námskeið séu haldin af viðurkenndum aðilum (s.s Endurmenntunarstofnun HÍ, stéttarfélögum eða fagfélögum).

Námsdvöl við stofnanir eða önnur skipulögð menntun á háskólastigi getur gefið allt að 10 einingum.

Þátttaka í fagráðstefnum getur gefið allt að 3 einingum mest ef þátttakandi er sjálfur fyrirlesari. Einingafjöldi og gildi námskeiða skal staðfest af samstarfsnefnd FÍN og Vesturlandsskóga. 20 einingar eru metnar til 1 lfl.

Hámarksfjöldi launaflokka sem fæst með endurmenntun er 3 launaflokkar.

Reynsla:

Með starfsreynslu í samningi þessum er átt við vinnu á fagsviði eftir að háskólanám er hafið og nám og vinnu á fagsviði að loknu BSc/BA prófi.

1 ár í starfi

1 launaflokkur

3 ár í starfi

2 launaflokkur til viðbótar

5 ár í starfi

2 launaflokkar til viðbótar

2.2.2 Starfsbundnir þættir:

Mat á starfsbundnum þáttum fer fram árlega og getur leitt til hækkunar á launum sjá fylgiskjal 1. Mati skal lokið í nóvemberlök ár hvert. Svo að trygg sé að ákvörðun sé tekin með málefnalegum hætti og jafnræðis sé gætt fer fulltrúi stéttarfélags árlega yfir matið.

Umfang starfs

Ábyrgð í starfi

Álag í starfi

Leiðbeining, ráðgjöf og fræðsla

Umfangsmikil verkefni

Eðli og þyngd verkefna


Virk þátttaka út á við í kynningar- og uppfræðslustarfi

Vinna með fyrirtækjum, nefndum, stofnunum, ráðuneytum eða samsvarandi erlendum aðilum

Aðrir þættir sem skipta máli í viðkomandi starfi eða fyrir einstakling svo sem hæfni eða góður árangur.

3. Starfslýsingar

Við röðun í launaflokka verði miðað við viðvarandi verksvið eða samþykktar starfslýsingar starfsmanna. Starfslýsingar verði endurskoðaðar við allar varanlegar breytingar á verksviði starfsmanna og/eða skipulagi stofnunar.



4. Umbun vegna fenginna styrkja til Hekluskóga

Til að gera launakerfið afkastahvetjandi hafa aðilar orðið sammála um að greiða árlega fyrir styrki sem starfsmaður nær til verkefnisins frá fyrirtækjum og / eða öðrum samstarfsaðilum.

- A) Ef starfsmaður nær styrk til Hekluskóga án utanaðkomandi aðstoðar, fær starfsmaður sem svarar 2% af styrknum greitt sem yfirvinna, þó aldrei meira en 50 yfirvinnutíma.
- B) Ef starfsmaður nær styrk til Hekluskóga með aðstoð utanaðkomandi aðila, fær starfsmaður sem svarar 1% af styrknum greitt sem yfirvinnu, þó aldrei meira en 50 yfirvinnutíma.

5. Tímabundin vik frá verksviði

Sé starfsmanni falið tímabundið verkefni sem felur í sér meira umfang eða ábyrgð en gert er ráð fyrir í starfslýsingu eða viðvarandi verksviði hans á stofnun skal hann fá hækkun launa meðan á því stendur. Gera skal tímabundinn sérsamning um starfskyldur og greiðslur. Hafi starfsmaður starfað lengur en 18 mánuði á 24 mánaða tímabili á þessum kjörum verða þau varanleg.

6. Endurmat starfskjara

Einu sinni á ári skulu störf starfsmanns/starfskjör metin sameiginlega og þeir þættir endurmetnir sem hafa áhrif til hækkunar/breytingar á röðun hans skv. gr. 3-4 og með tilliti til þess hvort starf skuli fært til annars starfsheitis. Yfirmaður boðar enn fremur hvern starfsmann á fund til að ræða starf og starfssvið hans.

7. Endurmat röðunar

Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt ráðað miðað við fyrirliggjandi forsendur samstarfsnefndar um röðun, á hann rétt á því að fá röðun sína endurmetna. Ágreiningsmálum skal skotið til samstarfsnefndar skv. 11. kafla núgildandi kjarasamnings.

8. Ákvæði um endurskoðun

Aðilar eru sammála um að endurskoða stofnanasamning þennan árlega ef annar hvor aðili óskar þess.

9. Gildistími



Stofnanasamningur þessi gildir frá 1. janúar 2008.

Reykjavík, 19. desember 2007

F.h. Hekluskóga



f.h. Félags isl. náttúrufræðinga



Fylgiskjal 1

Mat á starfsmanni		+2	+1	0	-1	-2
		Mjög gott/ mjög mikið	Gott/ Mikið	Í góðu lagi	Sæmilegt/ lítið	Slæmt/ ekkert
	Starfsbundnir þættir:					
1	Umfang starfs					
2	Ábyrgð í starfi					
3	Álag í starfi					
4	Leiðbeining, ráðgjöf og fræðsla					
5	Umfangsmikil verkefni					
6	Eðli og þyngd verkefna					
7	Virk þátttaka út á við í kynningar- og uppfærðslustarfi					
8	Vinna með fyrirtækjum, nefndum, stofnunum, ráðuneytum eða samsvarandi erlendum aðilum					
9	Aðrir þættir sem máli skipta í viðkomandi starfi					
	Samtals					

Starfsbundnir þættir: Tveir + gefa 1 launaflokk